

Ár 2013, föstudaginn 20. september, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni og Kolbeini H. Stefánssyni.

Fyrir var tekið:

## **Að ákveða laun og starfskjör forstöðumanns Minjastofnunar Íslands**

### **I.**

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Forstöðumaður Minjastofnunar Íslands er forstöðumaður samkvæmt 13. tölulið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1996 og er á lista fjármálaráðherra yfir forstöðumenn samkvæmt 2. mgr. 22. gr. sömu laga. Heyrir því undir kjararáð að ákveða honum laun.

### **II.**

Kjararáði barst bréf dagsett 28. janúar 2013 frá forstöðumanni Minjastofnunar Íslands. Í bréfinu kemur fram að Minjastofnun Íslands hafi orðið til með lögum nr. 80/2012 með sameiningu Fornleifaverndar ríkisins og Húsafriðunarnefndar. Að auki hafi bæst við verkefni varðandi leyfisveitingar á útflutningi minja sem áður hafi verið hjá safnaráði. Þá fari stofnunin með styrkveitingar og umsýslu húsafriðunarsjóðs og fornminjasjóðs. Fram kemur að skrifstofur Minjastofnunar séu á sex stöðum á landinu. Segir jafnframt að með ofangreindri breytingu hafi starfsmönnum fjölgað og fjármálaumsvif aukist.

Með bréfum dagsettum 1. febrúar 2013 gaf kjararáð fjármála- og efnahagsráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneyti kost á að leggja fram greinargerðir vegna erindisins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Fjármála- og efnahagsráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 13. febrúar 2013. Í bréfinu segir að Minjastofnun Íslands sé ný stjórnarsýslustofnun sem annist framkvæmd minjavörslu í landinu, sbr. lög nr. 80/2012. Samkvæmt lögnum taki Minjastofnun meðal annars við skuldbindingum Húsafriðunarnefndar og Fornleifaverndar ríkisins sem lögðust af 1. janúar 2013.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 8. apríl 2013. Í bréfinu segir að Minjastofnun Íslands hafi orðið til með lögum nr. 80/2012. Með lögnum hafi Fornleifavernd ríkisins og Húsafriðunarnefnd verið lagðar niður og verkefni þeirra flutt til hinnar nýju stofnunar sem og stjórnarsýsluþættir laga um skil á menningarverðmætum til annarra landa, sbr. lög nr. 57/2011. Þar með hafi öll stjórnarsýsla minjaverndar verið sett undir eina stofnun, Minjastofnun Íslands, í stað þess að heyra undir ýmsar stofnanir sem starfað hafi við ólík skilyrði. Megintilgangur laganna sé að auka skilvirkni minjavörslunnar með því að einfalda og styrkja stjórnarsýsluna og skýra betur hugtök og verklag, auk þess sem verklag og afgreiðsla mála hafi verið samræmd. Með því sé réttaröryggi almennings aukið. Í bréfinu segir einnig að stefnt sé að því að sameiningin stuðli að hagkvæmni í rekstri málaflokksins. Auk þessa annist stofnunin umsýslu fornminjasjóðs og húsafriðunarsjóðs og taki ákvörðun um úthlutun úr þeim.

Í bréfi ráðuneytisins segir einnig að Minjastofnun Íslands skiptist í fagsvið sem hvert um sig starfi í nánu samstarfi við ráðgefandi fagnefndir, fornminjanefnd og húsafriðunarnefnd. Starfssvæði stofnunarinnar sé landið allt og hún hafi starfsstöðvar á fimm stöðum utan Reykjavíkur þar sem höfuðstöðvar hennar séu. Í framtíðinni muni starfsstöðvum fjölga eftir því sem fleiri landshlutaminjaverðir taki til starfa. Segir í bréfinu að stofnunin sé um margt sambærileg við Umhverfisstofnun, sem annist meðal annars verndun náttúruminja. Að mati ráðuneytisins beri að taka tillit til þessara sjónarmiða við ákvörðun launakjara forstöðu-

mannsins og að launin beri með sér viðurkenningu á þeirri faglegu og fjárhagslegu ábyrgð sem forstöðumaður Minjastofnunar Íslands hafi og að laun hans séu í samræmi við laun annarra forstöðumanna sem svipaða ábyrgð beri.

Með bréfi dagsettu 10. apríl 2013 fékk forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sent bréf fjármála- og efnahagsráðuneytisins og mennta- og menningarmálaráðuneytis til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra.

### III.

Minjastofnun Íslands er stjórnáslustofnun sem annast framkvæmd minjavörslu í samræmi við ákvæði laga nr. 80/2012 um menningarminjar. Minjastofnun Íslands tók til starfa 1. janúar 2013 þegar löggin tóku gildi. Á sama tíma voru Fornleifavernd ríkisins og Húsafríðunarnefnd lagðar niður og verkefnin færð til Minjastofnunar Íslands. Samkvæmt lögnum fer ráðherra með yfirstjórn og vörslu menningarminja í landinu og Minjastofnun Íslands annast framkvæmdina undir yfirstjórn ráðherra. Fornminjanefnd og húsafríðunarnefnd eru Minjastofnun Íslands til ráðgjafar. Ráðherra skipar forstöðumann Minjastofnunar Íslands til fimm ára í senn. Forstöðumaðurinn skal hafa háskólamenntun og staðgóða þekkingu á starfssviði stofnunarinnar. Forstöðumaður stjórnar starfsemi stofnunarinnar og rekstri. Hann ræður starfsmenn og er í fyrirsvari fyrir stofnunina.

Hlutverk Minjastofnunar Íslands er að hafa eftirlit með fornleifum í landinu og friðuðum húsum og mannvirkjum, vinna að stefnumörkun um verndun fornminja og byggingararfs ásamt fagnefndum, setja reglur um og hafa yfirumsjón með skráningu friðaðra og friðlýstra fornleifa, húsa og mannvirkja og halda heildarskrá um allar friðaðar og friðlýstar fornleifar, friðlýsta legsteina og minningarmörk og friðuð og friðlýst hús og mannvirki. Ennfremur er stofnuninni ætlað að gera tillögur til ráðherra um friðlýsingu og afnám hennar og ákveða skyndifriðun menningarminja ef þörf krefur. Þá skal stofnunin setja reglur um og hafa eftirlit með öllum fornleifarannsóknum í landinu, annast leyfisveitingar vegna slíkra rannsókna sem hafa jarðrask í för með sér og framkvæma nauðsynlegar rannsóknir, svo sem neyðar-rannsóknir, vettvangskannanir til að staðfesta umfang og eðli minja og aðrar skyndi-rannsóknir. Minjastofnun Íslands er einnig falið að hafa eftirlit með og annast leyfisveitingar vegna flutnings menningarminja til annarra landa. Stofnuninni er jafnframt falið að úthluta úr fornminjasjóði og húsafríðunarsjóði að fengnum umsögnum fagnefnda, annast umsýslu þeirra og hafa eftirlit með framvindu verkefna sem fá styrk úr sjóðunum. Stofnunin ákveður einnig aðra ráðstöfun fjár úr fornminjasjóði og húsafríðunarsjóði í samráði við húsafríðunarnefnd og fornminjanefnd. Einnig skal stofnunin setja á fót minjaráð á hverju minjasvæði og bera ábyrgð á starfsemi þeirra.

Minjastofnun Íslands annast framkvæmd laga nr. 57/2011 um skil á menningarverðmætum til annara landa.

Forstöðumaður Minjastofnunar Íslands situr í fornminjanefnd og húsafríðunarnefnd stöðu sinnar vegna.

### IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á

vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Eins og fram hefur komið er Minjastofnun Íslands ný stofnun sem tekur yfir verkefni Fornleifaverndar ríkisins og Húsafriðunarnefndar auk nýrra verkefna. Við ákvörðun launa forstöðumanns stofnunarinnar hefur verið höfð hliðsjón af launum forstöðumanns Fornleifaverndar ríkisins eins og þau voru, en tekið mið af auknu umfangi hinnar nýju stofnunar.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun forstöðumanns Minjastofnunar Íslands skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

## V.

### Ákvörðunarorð

Frá og með 1. janúar 2013 skulu mánaðarlaun forstöðumanns Minjastofnunar Íslands vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokk 132, nú 691.819 krónur. Að auki skal greiða honum 13 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-132, nú 6.918 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstöðumanns Minjastofnunar Íslands gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

---

Svanhildur Kaaber

---

Jónas Þór Guðmundsson

---

Kolbeinn H. Stefánsson